



Landssamband æskulýðsfélaga

4. fundur framkvæmdastjórnar 2009 – 2010

Haldin í Hinu húsinu

20. ágúst 2009

Mættir: Unnur Hjálmsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Auður Geirsdóttir (AuG)
Auk þess sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri. Forföll boðuðu Arnþór Gíslason (AG) og Raket Brynjólfsson (RB).

Fundur settur: 17:23

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðustu tveggja funda

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru teknar fyrir og samþykktar samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að Lýðheilsustöð hefði staðið fyrir ráðstefnu um ungt fólk mánudaginn 17. ágúst s.l. Því miður vissi HTF ekki af ráðstefnunni fyrr en hún var byrjuð og gat því ekki setið hana eða auglýst hana til stjórnar eða aðildarfélaganna. HTF sagði frá því að dagskráin hefði verið áhugaverð og lagði til að LÆF fengi áhugaverðustu fyrirlesarana til að halda sín erindi fyrir félagsmenn LÆF í vetur. Vel var tekið í hugmyndina.

HTF sagði frá félaginu Almannaheill en það eru samtök félagasamtak sem hefur það að markmiði að þrýsta á stjórnvöld að setja á löggjöf um félagasamtök auk þess að bæta skattaumhverfi þeirra. HTF spurði hvort LÆF hefði áhuga á að kanna þessi samtök frekar og jafnvel ganga í þau og taka þátt í vinnu við að þrýsta á að sett verði löggjöf um félagasamtök hér á landi. HTF falið að setja sig í samband við Almannaheill og kanna málið til hlýtar.

HTF sagði frá því að hún væri að leita eftir æsklýðsrannsóknnum frá Finnlandi um áhrif kreppunar þar á 10. áratugnum á ungt fólk. HTF sagði að enn sem komið er hefði hún ekki fengið nein svör en hefði verið bent á vonandi rétt fólk sem gæti aðstoðað við að fá rannsóknirnar.

HTF minnti stjórnarmenn á fund með finnska youth councilinu í Svíþjóð sem verður haldin í húsnæði Kópavogsdeildar Rauða krossins föstudaginn 28. ágúst n.k. kl. 10:00.

3. Menningarnótt

HTF sagði frá því að Urkí hefði tekið við plássi LÆF á menningarnótt og ætlaði að setja sitt verkefni upp þar og sjá alfarið um undirbúning.

4. Dagskrá vetrarins

HTF lagði fram drög að dagskrá fram að jólum. Dagsetningar eru ekki komnar á hreint en stefnt er að því að halda amk. einn fyrirlestur og tvö námskeið fyrir aðildarfélög LÆF auk þess að

halda reglulega stjórnarfundum og amk. einn fulltrúaráðsfund. Samþykkt að HTF búi til endanlega dagskrá og hún verði sett á vefinn og senda aðildarfélögum.

5. Fundur með ráðherra og fjárlaganefnd

Undir þessum lið var mikið rætt um aðferðir til að vekja athygli á málefnum ungs fólks. Ákveðið var að fundar með Menntamálaráðherra, formanni fjárlaganefndar og síðar fjárlaganefnd í heild sinni. Einnig var ákveðið að funda með starfsmönnum Menntamálaráðuneytis í æskulýðsmálum. Rætt um mikilvægi þess að vera vel undirbúin og hafa heimildir fyrir rökum okkar. AuG, UH og SSE munu fara fyrir þessum fundum. HTF falið að finna heimildir og vinna rökin auk þess sem AuG mun þræða google og fleiri vefi í leit að rannsóknum sem styðja mál okkar. Ákveðið að HTF geri uppkast að grein sem sett verði á vefin okkar og sent í Morgunblaðið. Greinin mun vera í nafni stjórnar LÆF. Listaðir voru staðir sem hugsanlega geta veitt okkur heimildir og upplýsingar. Voru þeir: Vinnuálastofnun, Norðurlandaráð, tengiliðir í Finnlandi, Rannsóknir og greining, Félagsfræðiskor HÍ, Geðhjálp/Geðrækt, Lýðheilsustöð og Velferðarvaktin.

6. Samstarf við LiJOT

LiJOT, landssamband æskulýðsfélaga í Litháen óskaði eftir því að LÆF gerðist samstarfsaðilar í verkefni sem þau kalla B-Young. Um er að ræða ungmenna ráðstefnu sem LiJOT mun skipuleggja í maí 2010 vegna formennsku Litháa í Eistrasaltsráðinu (The Council of the Baltic Sea States). Stjórnin tók vel í að taka þátt í verkefninu og fól HTF að gefa jákvæð viðbörgð auk þess að leita eftir frekari upplýsingum um hlutverk LÆF í samstarfinu.

7. Alþjóðastarf

- a) SSE sagði frá því að hann muni kynna verkefnið sitt Samfélagið Frumkvæði á opnu húsi hjá European Youth Forum núna í byrjun sept samhliða því að taka þátt í fyrsta fundi um samevrópskt verkefni um atvinnumál ungs fólks hjá European Youth Forum.
- b) UH sagði frá því að hún og HTF munu sækja ungmennaráðstefnu formennsku Svíja í Ráðherraráði Evrópsambandsins sem fer fram í Stokkhólmi dagana 12.-14. september n.k. Ráðstefnan er framhald af ráðstefnu tékknesku formennskunar sem UH sótti í byrjun júní á þessu ári. Fjallað verður um nýja áætlun Evrópsambandsins í málefnum ungs fólks. UH bað stjórnina að fara yfir uppkastið af nýju stefnuni fyrir vinnufund stjórnar næst komandi laugardag.
- c) HTF sagði frá því að beiðni hefði komið frá YFJ um að lobbíaer Evrópráðs fulltrúa Íslands um nýtt samkomulag Evrópráðsins um réttindi ungs fólks. AuG tók að sér að fara yfir beiðnina og kanna málið.
- d) HTF sagði frá því að okkur hefði borist boð um að taka þátt í ráðstefnu um geðheilsu ungs fólks á vegum Evrópusambandsins og YFJ. AuG ætlar að kíkja á athuga hvort hún hefur áhuga.
- e) AuG sagði frá því að hún hefði mikin áhuga á umhverfismálum en þau eru mikið til umræðu í nokkrum landssamböndum æskulýðsfélaga í Evrópu. Fyrirhugaður er undirbúningsfundur ungs fólks fyrir fund SP um loftlagsmál sem haldin verður í Kaupmannahöfn í október. AuG falið að kanna hvernig málin standa hjá íslenskum stjórnvöldum fyrir fund SP og hvort möguleiki er fyrir LÆF að taka þátt.

8. Bréf og önnur skjöl sem hafa borist og þarfnast afgreiðslu

Bréf hafið borist frá MMR um viðbrögð við hugsanlegum innflúensu faraldri. HTF hefur þegar komið upplýsingum áfram til aðildarfélaga í gegnum póstlista LÆF. Rætt var hvort LÆF ætti að gera frekar ráðstafanir vegna hugsanlegs flensu faraldurs. Ákveðið að safna saman helstu

upplýsingum um handþvott og áfallahjálp og setja á heimasíðuna en annars vísa á Landlæknisembættið og www.influensa.is.

9. Önnur mál

- a) AuG spurði hvernig lógó mál stæðu. SSE sagði að sinn maður hefði ekki haft tíma til að kíkja á þetta. UH sagði að hún hefði ekki fengið svar frá AG og sagði að henni þætti þetta ekki forgangsmál. SSE sagði frá því að í Tækniskólanum væru kenndir upplýsingatækni áfangar þar sem jafnvel væri hægt að fá nemendur til að nota hönnun á lógó fyrir LÆF sem verkefni. SSE falið að kanna þesa möguleika. HTF lagði þá til að gengi yrði í að prenta nafnspjöld og bréfsefni fyrir félagið, það samþykkt og HTF falið að gera það.
- b) AuG spurði hvað yrði rætt á vinnufundinum. UH sagði frá hugmyndum um að eyða hluta dagsins að vinna stefnu fyrir félagið og hluta að ákveða forgansverkefnin framundan. AuG bað um að fá senda dagskrá og nauðsynlegar upplýsingar. UH og HTF sögðu að það yrði sent á stjórn í næstu viku.
- c) SSE var spurður um stöðuna í æskulýðsráði. Lítið hefur gerst þar síðan á síðasta stjórnarfundum LÆF. SSE er enn að vinna að bókun um stöðu ungs fólks sem tekin verður fyrir á næsta fundi ráðsins. HTF bað um að fá fundargerðir Æskulýðsráðs og SSE ætlaði að kanna það mál.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 18:53

Fundargerð ritaði:
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri